Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 26. ágúst 2022
ITR22080013

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð

**Til minnis vegna UMFK**

- Sett verði í framkvæmd lagfæring á þaki íþróttahússins á Kjalarnesi
- Gerð verði úttekt á gólfefni íþróttahúss á Kjalarnesi með það að markmiði að skipt verði um gólfefni og sett parket á gólfið.
- USK verði verði falið að fara yfir fyrirliggjandi tillögur um viðbyggingu við íþróttahúsið fyrir geymslu fyrir áhöld og tæki og sett verði af stað hönnun og mat á húsnæði.
- Farið verði yfir rekstrarforsendur íþróttamannvirkja á Kjalarnesi, Fólkvangi og Bergvík með það að markmiði að gerður verði þjónustusamningur við UMFK um rekstur þessara mannvirkja. Samkomulag milli ÍTR og eignaskrifstofu og UMFK.
- Gerður verði samningur milli SFS og ÍTR um yfirfærslu á rekstri íþróttamiðstöðvar (íþróttahús og sundlaug) til ÍTR.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

Kjalarnes

27.06.2022

B/T Skúla Helgasonar

Formanns mennigar, íþrótta og tómstundaráðs.

Aðstaða og rekstur íþróttamannvirkja á Kjalarnesi

UMFK óskar eftir fundi með fulltrúa Reykjavíkurborgar vegna aðstöðu og rekstur íþróttamannvirkja á Kjalarnesi.

Síðustu ár hefur mikil fjölgun átt sér stað í skipulögðu íþróttastarfi hjá UMFK og er aðstaðan löngu sprungin utan af sér auk þess sem viðhald á aðstöðu félagsins er með öllu óviðunandi.

Viljum við óska eftir fundi með ykkur við allra fyrsta tækifæri þar sem við ræðum okkar hugmyndir um aðstöðu og þau brýnu verkefni sem þarf að fara í strax til að laga aðstöðuna auk þess að ræða um rekstrarfyrirkomulag hússins.

Við getum ekki sætt okkur við þá aðstöðu sem núna er í gangi, við getum ekki sætt okkur við ónýtt þak, gólf og engin aðstaða fyrir búnað.

Það liggur fyrir beiðni UMFK um að taka rekstur íþróttamannvirkjanna yfir og viljum við ræða það á sama fundi. Við óskum eftir að fulltrúar ÍTR verði einnig á þessum fundi.

Við vonum að vel verði tekið í þessa bón okkur og okkur sýndur skilningur og velvilji, það liggur fyrir að lekið þak og ónýtt gólf munum við ekki sætta okkur við.

Kv stjórn UMFk.